Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Mótt.dags. 05.10.2018
Málalykill 09.30
Mál nr. 1810093

Skipulagsstofnun

Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 2. október 2018
*Tilvísun: 5.1/* 201805081

---

**Efni: Skíðasvæði í Bláföllum, Kópavogsbæ - beiðni um umsögn**

---

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (SHB) hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 24. september 2018, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Garðabær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Garðabær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisaðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 16. október 2018 og einnig á tölvupóstfang: matthildur@skipulag.is og jakob@skipulag.is.

Matthildur B. Stef.
Matthildur B. Stefánsdóttir

Umsagnaraðilar: Kópavogsbær, Ferðamálastofa, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Kjósarhreppur, Minjastofnun Íslands, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Umhverfisstofnun, Veðurstofan og Vinnueftirlit ríkisins.



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026